

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir Forritara framtíðarinnar.

1. gr.  
*Nafn.*

Nafn sjóðsins er Forritarar framtíðarinnar.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun sem starfar í samræmi við lög nr. 19 frá 1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.  
*Heimili.*

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.  
*Tilgangur.*

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að því að forritun verði kennd sem hluti af skólanámskrá grunn- og framhaldsskóla á Íslandi.

Sjóðurinn skal stuðla að því að mennta og þjálfa kennara til þess að takast á við nýjungrar í tækni. Auk þess er tilgangur sjóðsins að stuðla að rannsóknunum á áhrifum forritunarkennslu á þroska og námsgetu barna. Enn fremur er sjóðnum ætlað að stuðla að almennri vitundarvakningu á mál-efnum tæknigreina innan grunn- og framhaldsskóla á Íslandi.

4. gr.  
*Stofnendur.*

Stofnendur sjóðsins eru Reiknistofa bankanna hf., kt. 470111-0540, og Skema ehf., kt. 520711-0310.

5. gr.  
*Stofnfé sjóðsins.*

Stofnfé sjóðsins er 1.100.000 kr. sem greiðist af stofnendum sjóðsins. Reiknistofa bankanna greiðir 1.000.000 kr. og Skema 100.000 kr.

6. gr.  
*Tekjur sjóðsins.*

Tekjur sjóðsins koma í formi fjárfamlaga hollvina auk frjálsra framlaga, vaxtatekna og annars arðs sem hljótast kann af starfsemiinni. Stjórн er heimilt að ákveða aðrar leiðir til tekjuöflunar eftir þörfum og skal samþykkja þær af meirihluta stjórнar.

Tekjur sjóðsins skulu standa straum af öllum kostnaði sem af rekstri hans leiðir.

Óheimilt er að skerða höfuðstól sjóðsins miðað við vísitölu neysluverðs á innborgunardegi stofnfjár. Aðeins er heimilt að verja vöxtum af uppfærðum höfuðstól sjóðsins á hverjum tíma sem og síðari framlögum og/eða öðrum tekjum sjóðsins, þ.m.t. fjárfamlagi hollvina sjóðsins, að hluta eða öllu leyti til styrkeitinga og framlaga. Heimilt er að leggja hluta af tekjunum til hliðar og veita hærri styrk(i) en ella á komandi ári.

Fjármuni sjóðsins skal varðveita með tryggum hætti í banka eða stofnun sem tryggir ávöxtun hans.

Rekstrarhagnaði af starfsemi félagsins skal varið í samræmi við tilgang sjóðsins.

Óheimilt er að veita lán úr sjóðnum eða veðsetja hann.

7. gr.  
*Árgjöld.*

Hollvinir greiði fjárfamlag í sjóðinn og skal það greiðast í tveimur greiðslum, 1. mars og 1. október ár hvert.

8. gr.  
*Stjórn.*

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum. Fyrstu tvö starfsár sjóðsins skulu þrír stjórnarmenn kosnir af hollvinum úr hópi þeirra sem greitt hafa árlegt fjárfamlag sem bakhjarlar í upphafi árs. Fyrstu tvö starfsárin skal einn stjórnarmaður tilnefndur af hálfu Reiknistofu bankanna. Jafnframt skal einn stjórnarmaður kosinn af hollvinum úr hópi tilnefndra sem gefa kost á sér til stjórnarsetu og þarf sá ekki að koma úr hópi hollvina. Þriðja starfsárið og starfsárin þar á eftir skulu fjórir stjórnarmenn kosnir af hollvinum úr hópi þeirra sem greitt hafa árlegt fjárfamlag sem bakhjarlar í upphafi árs en einn stjórnarmaður skal kosinn af hollvinum úr hópi tilnefndra. Hver stjórnarmaður skal eigi eiga sæti í stjórn sjóðsins lengur en tvö ár í senn. Þó skal stjórnarmaður sem kosinn er úr röðum bakhjarla og sá stjórnarmaður sem tilnefndur er til setu í stjórn sjóðsins fyrsta starfsárið eingöngu eiga sæti í stjórn sjóðsins í eitt ár.

Stjórnarmenn fá hvorki greidd laun né annars konar þóknun úr sjóðnum fyrir stjórnarstörf sín.

Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum eftir því sem þurfa þykir. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Heimilt er að nota fjarfundabúnað eða samþærilegan fjarskiptabúnað til að halda stjórnarfundi. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hans hönd. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé í réttu og góðu horfi.

Stjórnarfundur er lögmætur ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málid, sé þess nokkur kostur. Með „mikilvægri ákvörðun“ er átt við ákvörðun stjórnar um val á verkefnum til úthlutunar styrks, breytingar á úthlutunarreglum og skipulagsskrá þessari og skal þá stjórnin leitast við að fara eftir óskum stofnenda sjóðsins eins og unnt er.

Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

9. gr.  
*Annars konar stjórnun.*

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða launaðan starfsmann í hlutastarf til að sjá um það sem við-kemur rekstri og umsýslu sjóðsins.

10. gr.  
*Fundur sjóðsfélaga.*

Fundur hollvina skal haldinn fyrir lok júní ár hvert og skulu þá eftirfarandi mál tekin fyrir:

- 1) Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins, rekstri þess og úthlutun styrkja á síðastliðnu starfsári.
- 2) Kosning um fjárhæð árgjalds.
- 3) Kosning stjórnar.
- 4) Kosning endurskoðenda.
- 5) Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni.

Tilnefningar til stjórnarsetu í samræmi við 9. gr. þurfa að liggja fyrir eigi síðar en við upphaf fundar.

Stjórnin boðar til fundar með tölvupósti eða öðrum sannanlegum hætti til sjóðsaðila með að minnsta kosti 15 daga fyrirvara.

11. gr.  
*Atkvæðisréttur á fundi hollvina.*

Atkvæðisrétt á fundi hollvina eiga þeir einir sem staðið hafa skil á fjárfamlagi fyrri hluta árs.

Á fundi hollvina ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í skipulagsskrá þessari.

12. gr.  
*Úthlutun styrkja.*

Sjóðurinn skal leitast við að veita styrki á hverri skólaönn til samræmis við hlutverk sjóðsins, áherslur og úthlutunarreglur stjórnar hverju sinni um hvernig staðið verði að ákvörðun styrkja, fjárhæð þeirra og fleira.

13. gr.  
*Efni styrkja.*

Sjóðurinn skal leitast við að veita styrki með eftirfarandi hætti:

Með því að veita ráðgjöf til menntunar og þjálfunar kennara og annars starfsfólks grunn- og framhaldsskóla í forritunar- og tæknikennslu.

Með því að veita búnað sem nýtist við forritunar- og tæknikennslu í grunn- og framhaldsskólam.

Með ráðgjöf og miðlun sérþekkingar á sviði tölvukerfa og annarra tæknimála.

14. gr.  
*Styrkumsóknir.*

Allar styrkveitingar sjóðsins eru háðar umsókn til stjórnar sjóðsins.

Umsóknum skal skilað á því formi sem stjórn tilgreinir á hverjum tíma. Þeir sem hljóta styrk skulu háðir þeim skilmálum og skilyrðum sem stjórnin setur á hverjum tíma.

15. gr.  
*Reikningar.*

Reikningar sjóðsins skulu áritaðir af stjórn hans og löggiltum endurskoðanda.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Fyrsta reikningstímabil er frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta.

Reikningar sjóðsins skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið ráðstafað á því ári.

16. gr.  
*Endurskoðendur.*

Stjórn sjóðsins skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga sjóðsins fyrir hvert starfsári.

Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna sjóðsins.

17. gr.  
*Fjárvarsla.*

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjármunum sjóðsins og meðferð þeirra.

Stjórn sjóðsins er þó heimilt að fela banka eða annarri fjármálastofnun fjárvörslu fjármuna sjóðsins.

18. gr.  
*Sameining og niðurlagning sjóðsins.*

Til að sameina sjóðinn öðrum sjóði eða leggja hann niður þurfa allir stjórnarmenn að ákveða það. Leita skal samþykkis sýslumannsins á Sauðárkróki fyrir niðurlagningu eða sameiningu.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnarinnar.

Nr. 1107

27. nóvember 2013

19. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 140 frá 2008 um framkvæmd laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, sbr. 7. gr. laga nr. 19 frá 1988.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 27. nóvember 2013,*

**Björn Ingi Óskarsson.**

---

*Auður Steingrimsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 11. desember 2013